

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 34

15. árgangur

19.6.2008

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/34/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5010 – Berkshire Hathaway/Munich Re/GAUM)	1
2008/EES/34/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5203 – EZW/Gazeley) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2008/EES/34/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5209 – DuPont/Danisco) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2008/EES/34/04	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5126 – Ineos/BASF Assets)	4
3.	Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/34/01

(Mál COMP/M.5010 – Berkshire Hathaway/Munich Re/GAUM)

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júní 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Northern States Agency, Inc., sem lýtur yferráðum bandaríska fyrirtækisins Berkshire Hathaway Inc. („Berkshire Hathaway“) og þýska fyrirtækið Münchener Rückversicherungs-Gesellschaft AG („Munich Re“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Global Aerospace Underwriting Managers Limited („GAUM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Berkshire Hathaway: eignarhaldsfélag sem á dótturfélög með starfsemi aðallega á sviði eigna- og skaðatrygginga, bæði frumtryggingar og endurtryggingar
 - Munich Re: endurtryggingafélag og eignarhaldsfélag fyrirtækja sem bjóða þjónustu á sviði endurtrygginga og frumtrygginga, svo og eignastýringu
 - GAUM: tryggingafélag á sviði flug- og geimiðnaðar og rekstrarþjónustu í sambandi við slíka tryggingastarfsemi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 152, 18. júní 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5010 – Berkshire Hathaway/Munich Re/GAUM, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5203 – EZW/Gazeley)

2008/EES/34/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júní 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Economic Zones World FZE („EZW“), sem er skráð í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og tilheyrir Dubai World Group, öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Gazeley Ltd.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EZW: undirbúningur, uppbygging og rekstur atvinnusvæða, vörustjórnunarfyrirtækja og iðngarða
 - Gazeley Ltd: uppbygging dreifingarmiðstöðva í Vestur-Evrópu, Kína og á öðrum nýmörkuðum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 149, 14. júní 2008). Þær má senda með simbréfi (fáxn. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5203 – EZW/Gazeley, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5209 – DuPont/Danisco)

2008/EES/34/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júní 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin E.I. du Pont de Nemours and Company („DuPont“) og Danisco U.S., Inc. („Danisco“), sem lýtur yfirláðum danska fyrirtækisins Danisco A/S, öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu félagi um sameiginlegt verkefni í sameiningu yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir bandaríska fyrirtækinu DuPont Danisco Cellulosic Ethanol LLC („DDCE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DuPont: framleiðsla á efnavörum, efnaafurðum til nota í landbúnaði og öðrum efnum
 - Danisco: framleiðsla á ýmiss konar innihaldsefnum matvæla
 - DDCE: þróun og markaðssetning tæknibúnaðar til framleiðslu á beðmisetanóli
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 152, 18. júní 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5209 – DuPont/Danisco, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32

**Afturköllun tilkynningar um samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5126 – Ineos/BASF Assets)**

2008/EES/34/04

Hinn 7. maí 2008 barst framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu Ineos og BASF Assets. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 3. júlí 2008.